

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, svæði milli Víkurbrautar og Austurvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, frá 17. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði fyrir þjónustustofnanir merkt S5 færast til austurs. Íbúðarsvæði breytast sem því nemur.
- Íbúðarsvæði stækkar að Suðurstrandarvegi.
- Miðsvæði við Víkurbraut stækkar til norðurs og kemur í stað íbúðarsvæðis.
- Gert er ráð fyrir undirgöngum við Víkurbraut og opnu svæði til sérstakra nota í stað miðsvæðis til móts við undirgöngin.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.